



Reykjavík 10.03.2020

Reykjavíkurborg  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, íbúaráð Kjalarness  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Málsnr.: R20020161  
Skjalacafn Ráðhúss  
12. mars 2020  
Bréfalykill: 6631

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 varðandi eftirfarandi mál.

### **Kjalarnes, Barnalundur**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. febrúar 2020 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 26. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Kjalarness frá fundi 13. febrúar 2020 um að Barnalundur fái formlegan sess í skipulagi hverfisins er send umhverfis- og skipulagsviði til meðferðar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2020 samþykkt.*

F.h. skipulagsfulltrúa

*Þuríður Guðmundsdóttir*  
Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2020.



Reykjavík 4. mars 2020

**Varðar: Kjalarnes, Barnalundur, tillaga íbúaráðs Kjalarness.**

Lagt er fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 26. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Kjalarness frá fundi 13. febrúar 2020 um að Barnalundur fái formlegan sess í skipulagi hverfisins er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Að mati íbúaráðsins er það nauðsynlegt svo lundurinn fái að vaxa og dafna í framtíðinni, þar sem lundurinn er m.a. svæði sem hýsir verkefni leikskólabarna á Kjalarnesi. Jafnframt að skoðað verði mögulegt sækkunarsvæði fyrir lundinn sbr. skýrsla sem fylgir með tillögunni sýnir, sjá að neðan.



**Niðurstaða**

Tekið er vel í það að skoðað verði skipulagslega að festa umrætt svæði í sessi sem "barnalundur" sbr. tillaga íbúaráðs leggur til. Lagt er til að það verði skoðað í þeirri vinnu sem er fyrirhuguð varðandi hverfisskipulagi og framtíðarsýn fyrir Kjalarnesið í heild. Í drög að vinnuáætlun fyrir Kjalarnesið þá er lagt til að formleg vinna hefjist haustið 2020, eða þegar sér fyrir endann á þeirri sem nú stendur yfir varðandi að formgera og klára fyrir Hlíðar, Háaleiti/ Bústaðir og Breiðholtið. Fyrstu verkþættir væru m.a. samráðsfundur með íbúum og hagsmunaaðilum áður en útbúin yrði verklýsing með skipulagsforsendum og greiningum á byggðinni og möguleikum svæðisins sem yrðu gerð aðgengileg almenningi og send umsagnar- og hagsmunaaðilum.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs  
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson